




ÍSLENSKI ALPAKLÜBBURINN

3

Nokkur tímamót eru í sttarfi félagsins við útkomu þessa þriðja tölublaðs, tímarits Íslenzka Alpaklúbbsins, þ.e.a.s. eitt ár er liðið frá stofnun félagsins á síðasta ári, en stofnfundurinn var haldinn 11. marz 1977.

Í þessublaði verður meðal efnis, skýrzla stjórnar fyrir s.l. starfsár, yfirlit yfir starfið frá áramótum, dregið á áætlun næstu mánaða, fræðsluefni og ýmsar fréttir. Eins og áður gengur erfiðlega að fá menn til að skrifa í blaðið og þar að vinna bráðan bug að þeim vanda.

SKÝRSLA STJÓRNAR ÁRÍÐ 1977.

Fyrsta starfsári félagsins er nú lokið, en félagið var stofnað 11. marz á s.l. ári. Segja má að fyrstu hugmyndirnar að stofnun félagsins hafi vaknað sumarið 1974 þegar nokkrir núverandi félagar dvöldu við æfigar og fjallgöngut í Ölpunum og kynntust þar starfi þarrendra Alpaklúbba. Síðan er lítil hreyfing á málum fyrr en haustið 1976, þegar nokkrir menn tóku af skarið og ákváðu að stofna félagið þá seinna um veturinn. Voru í því sambandi haldnir reglulega fundir fram yfir áramót og síðan boðað til stofnfundarins eins og áður sagði 11. marz 1977.

Hugmyndir þeirra er að þessu stöðu hvað varðaði huganlega þáttöku vour bjartsýnustu raddir með allta að fimmtíu félaga, það vakti því ekki litla undrun þessara manna er nær

eitthundrað manns mættu til stofnfundarins og í dag eru félagar orðnir um 180 talsins og fjölgar stöðugt.

Á stofnfundinum voru lögð fram drög að lögum fyrir félagið, sem samþykkt voru einróma. Þá var félaginu kóðin sín fyrsta stjórn og skipuðu hana á s.l. ári :Sighvatur Blöndahl formaður, Helgi Benediktsson, varaformaður, Einar Hrafnkell Haraldsson, gjaldkeri, Hlynur Möller, ritari, Guðmundur Ingi Haraldsson, spaldskrárritari og Gylfi Gunnarsson varamaður. Endurskoðandi var kosinn Erlingur Thoroddsen, en í ferðanefnd voru síðan skipaðir, Sighvatur Blöndahl, Helgi Benediktsson og Erlingur Thoroddsen.

Á starfsárinu voru haldnir fjöldi félagsfunda sem voru allir ágætlega sóttir. Á fundum þessum var ýmislegt efni á boðsstólum, t.d. myndasýningar, fræðsla ýmis konar og margt fleira. All nokkrar æfingarferðir voru farnar, einsdags ferðir á fjallasvæði í nágrenni Reykjavíkur, helgarferðir og svo ein löng ferð í Öræfi á s.l. sumri. Þá voru á árinu haldin tvö fjallamennskunámskeið, annað í undirstöðu fyrir klettaklifur, en það var haldið á Þingvöllum s.l. haust. Hið síðara var haldið í Skarðsheiði nýverið og var þar farið í undirstöðuatriði varðandi ferðir að vetrarlagi í snjó og ís.

Eins og kunnugt er eignaðsit félagið eigið merki á árinu, en það var valið úr þremurtillögum sem bárustu í samkeppni sem félagið stóð fyrir. Merkið hefur nú verið saumað, þannig að menn geta sett það á flíkur og annað þess háttar.

Stjórn félagsins hélt með sér tíu reglulega fundi, þar sem mæting var mjög góð alla jafna.

Það sem háð hefur félaginu mest á þessu fyrsta starfsári þess er að ráða ekki yfir eigin húsnæði, þar sem félagar gætu komið saman og rætt sameiginleg æhugamál sín og hægt væri að koma upp bókasafni félagsins. Reynsla annarra slíkra félaga erlendis í þessum efnum, er sú að ekki hefur tekist að halda uppi verulega góðu starfi og félagslífi án þess að ráða yfir eigin húsnæði og er reynsla danska Alpaklúbbsins gott dæmi um þetta, en fyrir nokkrum árum síðan var hann hreinlega að lognast út af. Þá baust honum smákjallararskonksa til afnota og þá var ekki að sökum að spyrja starfið tók mikinn fjörkipp og nú er þar geysimikið starf og nær eittþúsund félagar. Það fer því ágætlega á því að ljúka þessarri skýrslu á því að minna menn enn einusinni á að hafa augun vel opin fyrir öllum hugsanlegum möguleikum á húsnæði.

STARFIÐ FRÁ ÁRAMÓTUM:

Frá áramótum og til dagsins í dag er það frá starfinu að segja að haldinn hefur verið einn almennur félagsfundur í janúar í húsi SVFÍ við Grandagarð, þar sem meðal annars var kynnt meðferð og notkun gönguskíða, en það gerði Guðjón Ó. Magnússon. Kynntur var ýmis búnaður gerður úr dún, s.s. sveignpokar, dún-álpur, buxur, vettlingar og fleirar og gerði það Sighvatur Blöndahl. Þá kynnti Helgi Benediktsson hinar ýmsu tegundir ís-axa og hamra. Einnig voru á fundinum sýndar litskuggamyndir. Var fundur þessi mjög vel sóttur.

Farin var klifurferð á Esju 22. janúar, nánar tiltekið var farið upp hjá Eilífstindi norðan í ESJU og þaðan gengið yfir um og farið niður Ginnlaugsskarð. Þótti ferð þessi takast með ágætum, en tæplega tuttugu félagar tóku þátt í henni.

Undirbúningur fyrir fjallamennskunámskeið var haldinn 9.febrúar í húsi SVFÍ við Grandagarð. Rétt er að geta þess að mæting á bennann undirbúning svo og námskeiðið sem á eftir fór var frekar slök og er rítt að benda mönnum á að mjög gott er fyrir alla sem ekki hafa hlotið undirstöðuþekkingu í fjallamennsku að sækja námskeið sem þetta. Námskeiðið sjálft fór síðan fram dagana 11.-12.febrúar í Skessuhorni norðan í Skarðheiði. Þar voru mættir sjö nemendur og þrír kennarar og að auki fimm félagar Alpaklúbbsins sem einungis nýttu sér ferðina og voru við ýmis þonar æfingar á svæðinu.

Að lokum er það svo aðalfundur félagsins, sem haldinn var 23.febrúar s.l. Þar voru mættir tæplega sextíu félagar. Félaginu var þar kosin ný stjórn, en þrír stjórnarmenn frá farandi stjórnar gáfu ekki kost á sér til endurkjörs, þeir Sighvatur Blöndahl fráfarandi formaður, Hlynur Möller fráfarandi ritari og Gylfi Gunnarsson varamaður í stað þeirra komu í stjórnina, Guðjón Ó. Magnússon, Erlingur Thoroddsen og Ingvar Teitsson. Stjórn Íslenzka Alpaklúbbsins fyrir næsta starfsár er því þannig, Einar Hrafnkell Haraldsson, formaður, Helgi Benediktsson, varaformaður, Guðjón Ó. Magnússon, gjaldkeri, Erlingur Thoroddsen, meðstjórnandi, Guðmundur Ingi Haraldsson, meðstjórnandi og Ingvar Teitsson ritari..




STARFID NÆSTU TVO MÁNUÐI:

Af starfinu næstu tvo mánuði er það að segja að farin verður skíðagönguferð á Skjaldbreið sunnudaginn 5.mars-þá verðru páskaferð félagsins dagana 23.27.mars í Tindfjöll, en meiningin er að þeir sem ætla í páskaferðina hittist viku fyrir til að ræða nánar um ferðina. -Almennur félagsfundur

verður haldunn fimmtudaginn 6.apríl í húsi SVFÍ við Granda-
garð.Og að lokum verður farin æfingarferð á Snæfellsjökul og
nágranasvæði dagana 21.-23.apríl n.k.

FRÆÐSLA:

Mannbroddar er einn
sá útbúnaður sem hver ein-
asti fjallgöngumaður verður
að eiga.Í því sambandi er
aðallega um þrjár tegundir
að ræða(gerðir).Sjánávar
myndir.--1) Hið svo kallaða
"klassíska"lag,en þeir eru
með 10 broddum og liðamótum
í miðjunni,athugið að þver-
bita vantar til styrkingar
að framan.Þessir broddar eru aðeins nothæfir í minni háttar
fjallgöngur og eru mjög varhugaverðir í miklum bratta og
glærafs.--2) Þetta eru hinir venjulegu alhliðasem eru vel
nothæfir við allar aðstæður.Það sem þessir broddar hafa fram-
yfir þá fyrrnefndu,er að þeir eru með tólf broddum sem eru
einnig mun betur lagaðir til klifurs.(dæmi um slíka brodda
eru Stubai Tyrol)--3) Þessir síðustu eru svo hinir eigin-
legum klifurbroddar,því þeir eru því sem næst ónothæfir í
annað en klifur þar sem engin liðamót eru á þeim,eru þess
vegna alstífir.Þess ber sérstaklega að gæta að aðeins má nota
við þessa brodda alstífastó,annarsbrotna þeir hreinlega.
Frambroddarnir á þeim eru langbezt lagaðir til klifurs af
þeim broddum sem á markanum eru.



Hvað varðar ólar á mannbrodda er mönnum sérstaklega bent á að nota aðeins ólar úr svokölluðu "neoprane" efni, en efni þetta hefur bann eiginleika að breyta sér lítið sem ekkert þótt svo aðstæður breytist mikið.

Fréttir:

Eins og fram hefur komið í fréttum hinna ýmsu fjallgöngurita hefur það reynst mjög erfitt að fá leyfi til að stunda fjallgöngur í Nepal, en þar eru einmitt staðsett mörg af hæstu og frægustu fjöllum heimsins. Einungis voru veitt leyfi til leiðangar á'41 af hinum mörgu þessum fjalla sem í landinu eru. Nú hefur ríkisstjórn Nepals ákveðið að gera nokkrar breytingu á þessu og hefur "opnað" 29 nýja fjallatinda. Þó eru 11 af þessum tindum þegar frateknir fyrir Nepalska fjallgöngumenn. Af þeim fjöllum sem ætluð eru fyrir útlendinga eru frægust AMA DABLAN 6748 m, GANESH HIMLA 7290 m, og GAURI-SHANKER 7033 m. Að lokum má geta þess að í Nepal eru yfir 200 tindar sem eru hærri en 7000 m og 8 af 14 hæstu fjöllum heimsins eru það staðsett, þar á meðal Mount EVEREST hæsta fjall heimsins, 8848 m.

SPIGOLO GIALLO, eða KLeine Zinner er meðal frægari kletta-klifurviðfangsefnum manna í Dolomitunum, en forsíðumynd blaðsins er einmitt af svo kallaðri "gulu hlið" fjallsins, en nýverið klifu þetta fallega fjall tveir félagar danska alþáklúbbsins. Það sem áhugavert ver við þetta er að danir skuli vera komnir svo langt því að kælfa klettavegg þennann hefur til þessa aðeins verið talið á færi mjög góðra fjallgöngumanna

FJALLABJÖRGUNARTÆKNIN náði enn einum merkum áfanga og af mörgum talið vera eitt fræknasta björgunarafrek, þegar Svissnenskum björgarsveitarmönnum tókst að bjargar tveimur ungum Spánverjum úr hinum geigvænlega Norður-vegg EIGER í nóvember s.l.

Spánverjarnir Dominguez 20 ára og Tello 23 ára, lögðu af stað frá Kleine Scheidegg með vistir til fimm daga. Er þeir höfðu klifið í fimm daga skall á blindbylur með snjókomu Þá féll annar Spánverjinn um 30 m og braut báða fætur. Þetta óhapp varð í um 3400 m hæð. Þar máttu þeir hýrast næstu fimm daga matarlausir þar sem ekki vat möguðeiki á að koma þeim til hjálpar vegna veðurham-
sins sem geysaði. Eftir 10 daga var

ákveðið að reyna að fara með björgunarmenn í þyrlu upp og slaka þeim þar niður. Eina leiðin reyndist vera sú að flugmaðurinn hélt þyrlunni aðeins um 2 m frá veggnum, sem þykir alveg einstakt, síðan var björgunarmönnum slakað niður í vír og urðu þeir síðana að sveifla sér til og frá þar til þeir náðu festu í veggnum: það var síðan eftir 5 klukkutíma að björgunarmennirnir ásamt Spánverjunum unugu voru hífðir um borð í þyrluna. Þykir sérfræðingum þetta vera eitt af mestu björgunarafrekum í fjöllum til þessa.



Stjórn:

Einar Hrafnkell Haraldsson, formaður s.21586
Helgi Benediktsson, varaformaður s.23187-12045
Guðjón Ó Magnússon, gjaldkeri s.36059
Erlingur Thoroddsen, meðstjórnandi s.19828-83599
Guðmundur Ingi Haraldsson, meðstjórnandi s.83798-17400-92
Ingvar Teitsson, ritari s.25401

Umsjón bókasafns:

Einar Hrafnkell Haraldsson

Ferðanefnd:

Einar Hrafnkell Haraldsson,
Helgi Benediktsson,
Guðjón Ó Magnússon,
Erlingur Thoroddsen,

Ritnefnd:

Sighvatur Blöndahl, ábyrgðarmaður s.81637-10100
Erlingur Thoroddsen,

ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

PÓSTHÖLF 4186 REYKJAVÍK ÍSLANDI

VIÐTAKANDI